

## Fundargerð stjórnar BÍS 19/2010.

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, miðvikudaginn 6. október 2010 kl. 17:30

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Fjarverandi:

Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs

### Gestur undir lið 9:

Pétur A Maack, fjármálastjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar, starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, upplýsingaráðs, afmælisársnefndar, fararstjórnar Jamboree 2011, forvarnardagsins, Æskulýðsvettvangsins og Úlfljótsvatnsráðs: Gögn þessi lág frammi.
3. Forvarnardagurinn: Dagurinn verður haldinn 3. nóvember og verður með svipuðu sniði og sl. ár.
4. Æskulýðsvettvangurinn: HS sagði frá stjórnarfundi, en þar kynnti hann hugmynd BB um stofnun fagráðs þessara samtaka um kynferðisbrot. Stjórn BÍS samþykkir þátttöku BÍS í þessari vinnu. Stefnt er að fundi ÆV með formanni Æskulýðsráðs 27. október.
5. Bland í poka: Viðburðurinn hefur fengið góðar viðtökur, þó skráning sé enn sem komið er ekki mikil. WOSM ætlar að senda Maeliosa DeBuitlear (Milly) til að fjalla um Adults in Scouting. Milly er Íri með mikla reynslu á þessu sviði.
6. Almannaheill: Í framhaldi af samþykkt siðareglna Almannaheilla á aðalfundi samtakanna í júní, þá þarf BÍS að setja sér siðareglur eða gera siðareglur Almannaheilla að sínum. JA lagði fram drög að siðareglum sem eru staðfærðar siðareglur Almannaheilla. Samþykkt að vinna málið áfram í þessum farvegi og leggja fyrir Skátaþing 2011. Jafnframt þessu verði unnið að leiðbeiningum fyrir skátaforingja um öruggt skátastarf. JA upplýsti jafnframt að áhugi væri innan stjórnar Almannaheilla á að nýta *Evrópuár sjálfbóðaliðans* árið 2011 til að vekja athygli á þeim þætti í starfsemi aðildarfélaganna.
7. Ár æskunnar og ár sjálfbóðaliðans: *Ár æskunnar* hófst 12. ágúst 2010 og stendur til 12. ágúst 2011 og er á vegum Sameinuðu þjóðanna. 12. ágúst ár hvert er „*Dagur æskunnar*“, skv. samþykkt Sameinuðu þjóðanna. *Evrópuár sjálfbóðaliðans*, er árið 2011, það er skv. samþykkt Evrópusambandsins (Evrópuþingsins) og hefst væntanlega 5. desember, sem er „*Dagur sjálfbóðaliðans*“. Skátar þurfa að kanna með hvaða hætti hægt er að nýta þessi ár til að vekja athygli á starfinu.
8. Kynningarvika: Skrifstofan bauð skátafélögunum að taka þátt í vefkönnun um hvernig þau nýttu sér það sem BÍS bauð upp á í kynningarvikunni og hvað þau voru að gera til að kynna starfið. Helstu niðurstöður sýna að félögin eru að nýta kynningarvikuna til að koma sér af stað eftir sumarið og víða er kynningarþátturinn mjög ómarkviss.
9. Landsmót skáta 2012: PAM kom á fundinn og lagði fram drög að fjárhagsáætlun. Umræður voru um forsendur og var PAM falið að vinna úr þeim í samstarfi við mótisstjórn.
10. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.

11. Reglugerð um meðferð upplýsinga og trúnaðargagna: HS lagði fram endurskoða reglugerð. Afgreiðslu frestað.

12. Umræðuefni:

- a. Undirbúningur fyrir vinnufund stjórnar og ráða: Rædd voru markmið fundarins og skipulag. BAÁ, HS og JA falið að ljúka undirbúningi.

13. Önnur mál:

- a. Ungir félagsforingjar: HS vakti athygli á því að starfandi eru félagsforingjar sem ekki uppfylla kröfur þær sem gerðar eru til aldurs þeirra skv.10. reglugerð Bandalags íslenskra skáta um hæfi skátaforingja. JA falið að rita viðkomandi félögum bréf og veita þeim frest til næsta aðalfundar til að kippa þessu í liðinn.
- b. Hraunbúasjóður: Samþykkt að Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri BÍS, verði fulltrúi stjórnar BÍS í stjórn Hraunbúasjóðsins.
- c. Opnunartími Skátabúðarinnar: HS sagði frá því að Skátabúðin er opin kl. 11-17 virka daga.
- d. Vinnuhópur á vegur Evrópustjórnar WAGGGS um fjármál: JA hefur verið boðið að taka þátt í þessum vinnuhópi.
- e. ÍTR: Samkvæmt fundargerðum Íþróttá og tólmstundaráðs Reykjavíkur hefur verið stofnaður vinnuhópur sem á að kanna með hvaða hætti unnt er að auka aðgengi barna í borginni að íþróttá og æskulýðsstarfi. Ekki var að sjá að nokkurt frjálst æskulýðsfélag ætti fulltrúa í vinnuhópnum. JA falið að rita stjórn Skátasambands Reykjavíkur bréf og spyrjast fyrir um aðkomu skáta að málinu.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA.